

Höttur - KR í bikarnum, 4. nóvember

Skrifað af Körfuboltadeild

Miðvikudagur, 20 Október 2010 21:28

Höttur dróst á móti KR í 32 liða úrslitum Powerade-bikarsins í körfubolta. KR-ingar eru með feykilega sterkt lið og er spáð Íslandsmeistaratitlinum í Úrvalsdeild á þessari leiktíð. Höttur fékk heimaleik og það er ljóst að KR-inga bíður mjög erfitt verkefni að eiga við ógnarsterkt Hattarlið fyrir fullu húsi brjálaðra áhorfenda í Íþróttamiðstöðinni á Egilsstöðum. Leikurinn fer fram 4. nóvember nk.

Nú verða allir að mæta og sjá frábæran körfubolta á Egilsstöðum. Athugið að miðaverð á leiki í bikarkeppninni er fast, 800 kr. á fullorðinn, eða aðeins hærra en tombóluverð Hattar á aðra heimaleiki liðsins.